


Allt fram streymir

Íslensk náttúruljóð



Helga K. Einarsdóttir valdi

Íslensk náttúra í öllum sínum
margbreytileik er viðfangsefni
ljóðanna í þessari bók. Vetrarstormar,
sumamætur, vorblær og haustmyrkur.
Allt mótar þetta skáldin, hvort sem
þau yrkja um átök manns og náttúru
eða fegurðina sem hvarvetna blasir
við. Fjöll, dalir, grasi grónir balar,
eyðisandur, heiðavötn, hafis og
klettótt strönd ... sól fer yfir höf,
fuglar á sveimi og enn er báti hrundið
úr vör ... Tími ljóðanna er allt frá
Völuspá til loka 20. aldar.

Ljóðin í bókina valdi Helga K.
Einarsdóttir bókasafnsfræðingur, en
hún hefur áður valið náttúru ljóð í
bækurnar *Náttúrusýn* (Háskóli Íslands
1994) og *Cold was that beauty* (Salka
2002).

ISBN 997976685-9



9 789979 766858

Allt fram streymir

© Handhafar höfundaréttar

Kápu mynd: Hekla Björk Guðmundsdóttir

Umbrot: ÞSI/Elexir ehf.

Prentun: Prentmet

ISBN 9979-766-85-9

SALKA – REYKJAVÍK – 2003

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Maður úr berginni

Fjöllin stara tómlát
í gegnum þig,
lækir tifa hljóðlaust
inn í hjarta þitt,
grasið hættir að gróa
undir fótum þér

og þú gengur á braut.

Þá byrja tindarnir
að flissa,
siturnar vaxa
í fossgljúfrum,
blómskrúðið flæðir
stjórnlaust yfir allt

og þú ert farinn
veg allrar veraldar.

Steinunn Ásmundsdóttir

Verið

Árla morguns:

kyrðin svo tær,
ljósbrot í snjóperlum,
grös að vakna,
þröstur á grein
og álfir í oddaflugi
með sunnanátt
undir vængjum.
Veröldin umhverfis
að bráðna saman
í nýtt upphaf.

Auðmjúkir
standa fáfuglarnir
á þröskuldi tímans.

Steinunn Ásmundsdóttir